

# VRblaðið

1.tbl. 28. árgangur febrúar 2006



# Í þessu blaði...

## 05 Nýársfundur VR

Innri mál á dagskrá

## 06 Varasjóður

Hvernig nýtist hann þér?

## 09 Kannanir VR

Viltu vinna þér inn utanlandsferð?

## 11 Hádegisfyrirlestrar

Vorönn 2006

## 15 Páskaúthlutun orlofshúsa

Umsóknarfrestur til 27. febrúar

## 16 Áfallið kom smátt og smátt

Viðtal við Heklu Guðmundsdóttir

## 22 Ógnandi hegðun

Eyþór Víðisson gefur góð ráð

## 30 Sameiningar

Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður



## Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

Húsi verzlunarinnar  
Kringlunni 7, 103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
vr@vr.is



## LEIÐARI

# Við erum ekki í fremstu röð

Því er oft haldið fram að við séum ein af ríkustu þjóðum heims og allt leiki í lyndi. En er það rétt? Tölur frá Hagstofu Evrópu sýna að við erum í 5. sæti yfir þjóðarframleiðslu á mann, sem er nokkuð góður árangur. En atvinnuþátttaka á Íslandi er meiri en víðast annarstaðar og vinnudagurinn lengri. Að teknu tilliti til þess föllum við niður í 17. sæti þegar þjóðarframleiðsla á hverja unna klukkustund er skoðuð. Við myndum lenda meira en helmingi neðar á listanum ef hvert ríki Bandaríkjanna væri talið sér.

Við gerum kröfu um að kaupmáttur launa, örorkubóta og eftirlauna jafnist á við það sem best gerist, s.s. í Noregi. Norðmenn eru í 2. sæti yfir þjóðarframleiðslu á mann og eru tekjur þeirra 20% hærrí á mann en á Íslandi og 60% hærrí á hverja unna klukkustund. Til þess að við getum náð Norðmönnum eftir 10 ár þarf hagvöxtur á Íslandi að haldast álíka hár og hann er í dag á hverju ári næstu 10 árin og afköst okkar á hverja klukkustund rúmlega tvöfaldast.

Að láta íslensku krónuna síga til að mæta vanda útflutnings- og samkeppnisgreina eykur ekki kaupmáttinn. Þannig gengislækkun virkar í raun eins og launalækkun en krafan er um kaupmáttaraukningu. Ef við ætlum að ná Norðmönnum verðum við að spýta í lófana en þá verður gengi íslensku krónunnar áfram hátt. Við verðum því að horfast í augu við að eðlilegt geti verið að atvinnugreinar sem geta ekki greitt góð laun leggist af. Þetta kom fyrir ullariðnaðinn á sínum tíma sökum samkeppni frá Austurlöndum. Í staðinn verðum við að byggja upp atvinnugreinar sem geta borgað hærrí laun og skilað meiri afköstum. Við viljum vera í fremstu röð hvað varðar lífskjör fyrir hverja unna klukkustund. Við þurfum áframhaldandi hagvöxt.

**gpp**

**Ábyrgðarmaður:** Gunnar Páll Pálsson **Ritstjóri:** Anna Björg Siggeirsdóttir **Umbrot og útlit:** Tómas Bolli Hafþórsson **Ljósmyndir:** Gunnar Kristinn o.fl. **Prentun:** Oddi. Upplag: 21.100  
**Stjórn VR:** Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. **Meðstjórnendur:** Benedikt Vilhjálmsón, Bjarndís Lárusdóttir, Einar Karl Birgisson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. **Varamenn:** Elín Ólafsdóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson. **Stjórn Orlofssjóðs VR:** Benedikt Vilhjálmsón, Valur M. Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Margrét Torfadóttir. **Til vara:** Einar Karl Birgisson, Margrét Sverrisdóttir. **Stjórn Sjúkrasjóðs VR:** Stefánía Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Einar Karl Birgisson. **Til vara:** Jón Magnússon, Eyrún Ingvaldsdóttir.

## Á LÉTTU NÓTUNUM

# Stjórnuþá 2006

## Hvað segja stjórnum um þig?

### Hrútur

21. mars-19. apríl

Glæstar vonir þínar gætu ræst á árinu og tækifæri mun gefast til að lyfta sér almennilega upp í sumar, ef til vill á erlendri grundu. Á árinu sveimar umhverfis þig lágvaxin hrokkinhærð vera sem kemur til með að hafa mikil áhrif á þig. Farðu til augnlæknis fljótlega, þú þarft að sjá betur í kringum þig.

### Haut

20. apríl – 20. maí

Tengsl við ósnortna náttúru verða afar sterk á þessu ári og mikil þörf fyrir ferðalög lætur á sér kræla. Fjölskyldan verður á útopnu allt árið og þú þarft að hafa þig alla/n við að fylgjast með. Nýttu tækifærið og ferðastu á framandi slóðir bæði bókstaflega og í andlegum skilningi. Ekki þó reyna við teygjustökk.

### Toiðurar

21. maí – 20. júní

Tvískinnungur hefur einkennt líf þitt um of. Einbeittu þér að því að keppa að einu ákveðnu marki. Þú munt upplifa mikið þroskaskeið með vorinu þegar þú færð frábært tækifæri sem þú getur ekki hafnað. Þar sem þú verður afar geislandi um miðbik ársins mun ástarlífið verða með fjörugra móti. Mundu þó að ekki þarf að eiga tvennt af öllu.

### Krabbi

21. júní – 22. júlí

Dvölin í sófanum heima er orðin nógu löng. Slettu úr klaufunum, farðu á kaffihús og lestu góðar bókmenntir. Gefðu leyndum og ljósum aðdáendum tækifæri. Hafðu hugfast að vinnan er ekki allt þó dýrmæt sé. Í kjölfarið munt þú blómstra á öllum vígstöðvum. Njóttu þess í botn og haltu áfram að dreifa geislum í kringum þig.

### Ljón

23. júlí – 22. ágúst

Nú er kominn tími til að hætta þessu makinda-lega mali og mál að láta hendur standa fram úr ermum. Glys og glamúr mun setja svip sinn á árið og ef til vill munt þú komast í kast við sviðsljósið fræga. Láttu það ekki setja þig út af laginu, stefndu örugglega að takmarki þínu og sannaðu til, það mun bera árangur.

### Meyja

23. ágúst – 22. september

Margt nýtt mun bera á góma á árinu og óvæntir atburðir eða ferðalög eru í vændum. Jákvæðni þín mun hafa áhrif til góðs allt í kringum þig. Bjartir litir verða ríkjandi hjá þér alla mánuði ársins. Taktu til í fataskápnunum og endurnýjaðu eitt og annað. Billinn þarf þó ekki endilega að vera í stíl við allt annað.

### Vog

23. september – 22. október

Hafðu vakandi auga á köttum sem verða á vegi þínum. Einn þeirra mun verða áhrifavaldur í lífi þínu. Árið mun verða þér gæfuríkt þó ekki verðir þú endilega rík/ur. Kannski þarftu að skilgreina verðmætamat þitt upp á nýtt. Í ágúst munu dularfullir og spennandi atburðir gerast og fylla líf þitt gleði og tilbreytingu.

### Sporðdreki

23. október – 21. nóvember

Þetta verður gott ár fyrir þig á heildina lítið. Frábær frammistaða þín verður e.t.v. til þess að þú hækkir í tign eða fáir meiri ábyrgð í starfi með haustinu. Mundu samt að góð líðsheild skiptir máli til að ná árangri. Þú ert nú ekki endilega flóttust/astur þó þú sér snögg/ur að svara fyrir þig og þokkalega sexý. Hógværð er líka ágæt til síns brúks.

### Þogmaður

22. nóvember – 21. desember

Ef allir væru eins duglegir og þú að líta á björtu hliðarnar og sjá hlutina í skoplegu ljósi væri nú gaman að lífa. Lundarfar eins og þitt er guðsgjöf. Nýttu þér samskiptahæfni þína í vinnunni, það verður þér til framdráttar. Fólk af gagnstæðu kyni sýnir þér mikinn áhuga í september. Hafðu þig til.

### Steingeit

22. desember – 19. janúar

Þú ert litillátur um of. Æfðu þig í að njóta hróssins sem þú færð, því þú átt það svo sannarlega skilið. Sumarið verður þinn tími því þá munt þú blómstra sem aldrei fyrr. Láttu þó ekki aðdáendurna trufla þig en sinnu fjölskyldunni vel. Varaðu þig á tattóveruðum stuttbuxnagæja sem mun reyna að hafa samband við þig síðla árs.

### Vatnsberi

20. janúar – 18. febrúar

Þú þarft ekkert endilega að framkvæma allt sem þér dettur í hug, stundum er gott að anda rólega. Vorið verður sérstaklega gæfuríkt. Hugmyndaauði þín mun örugglega gera þig ríka/n þótt það verði ekki endilega á árinu. Ekki spillir hvað þú ert myndarleg/ur. Farðu í berjamó í haust, það mun gera þér gott.

### Fiskar

19. febrúar – 20. mars

Það eru nægir fiskar í sjónum segir máltækid. En mundu þó að enginn er alveg eins og þú. Listrænir hæfileikar þínir og fjölhæfni njóta sín fullkomlega um þessar mundir. Hreysti og útvera verða áberandi þegar líða fer á vorið og löngu týndir vöðvar láta á sér kræla. Haltu áfram á þessari braut.



## FÉLAGSMÁL

# Nýársfundur VR 2006

## Umræður um varasjóð og skattamál



Góð stemming var á nýársfundi félagsins sem hófst á því að Bubbi Morthens tók nokkur lög fyrir hátt á annað hundrað fundargesti. Fundinn, sem haldinn var 23. janúar sl., sátu stjórn, trúnaðarráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum auk starfsmanna. Að venju voru innri mál félagsins til umfjöllunar. Kynntur var framboðslisti stjórnar og trúnaðarmannaráðs fyrir næsta starfsár og í kjölfarið var auglýst eftir móttframboðum í fjölmiðlum. Fjörugar umræður sköpuðust um nafn félagsins og sýndist sitt hverjum. Þá var fjallað um varasjóð VR en stefnt er að því að hann verði formlega stofnaður á aðalfundi VR sem haldinn verður á Nordica hóteli síðari hluta mars mánaðar. Auk þess voru umræður um skattamál bæði varðandi varasjóðinn og styrki úr sjúkrasjóði. Sjá nánari umfjöllun varasjóð og kröfur skattstjóra annarsstaðar í blaðinu.



## Í BRENNIDEPLI

# Hvað er varasjóður VR?

## Auðvelt að safna í sjóð til framtíðar

Á aðalfundi VR undir lok mars verður lögð fram tillaga um stofnun varasjóðs VR. Með stofnun hans er VR að stiga nýtt skref, koma með nýtt vopn fyrir félagsmenn sína í baráttunni fyrir sterkari stöðu á vinnumarkaði. Samtryggingarverndin verður áfram óbreytt en með varasjóði VR er einstaklingurinn í brennidepli. Megintilgangurinn með stofnun þessa sjóðs er að búa til sérgreinda eign hvers félaga.

### Aðkoman að styrkjakerfinu einfölduð

Styrkjakerfi VR er bundið mörgum sjóðum og mismunandi reglugerðum, fyrningarreglum og punktastöðu. Með stofnun varasjóðs er aðkoma félagsmanna að kerfinu einfölduð; ein upphæð er lögð inn á varasjóð hvers og eins árlega og hún fyrnist ekki. Það er því ótvíræður kostur að safna fénu í dagóða upphæð fremur en að eyða henni strax í smærri kostnaðarliði.

### Varasjóðurinn í framkvæmd

Í hnotskurn er varasjóður VR endurgreiðsla til félagsmanna á stórum hluta greiddra iðgjalda þeirra til félagsins. Iðgjöld félagsmanna renna að hluta til samtryggingar félagsins og að hluta í varasjóð. Samtrygging nær yfir alla þá aðstoð sem félagsmenn sækja til félagsins, lögfræðiaðstoð, sjúkradagpeningar, bætur o.þ.h. Hvernig iðgjöldum verður skipt milli samtryggingar og séreignar verður ákveðið á aðalfundi hvert ár.

### Upphafsstaða við stofnun sjóðsins

Upphafsfjárhæð hvers og eins verður byggð á innborguðum félags- og orlofsiðgjöldum vegna ársins 2005 og inneign á rétti til styrkja úr sjúkrasjóði við gildistöku sjóðsins. Inneign í sjúkrasjóði samanstendur af 40% iðgjalds árána 2003, 2004 og 2005 að frádrögnum útgreiddum styrkjum og staðgreiðslu skatta. Einungis þeir sem greiddu iðgjöld á árinu 2005 eða eru 65 ára og eldri fá inneign sína úr sjúkrasjóði inn á vara-

sjóð sinn. Upphafsstaða félagsmanna verður að meðaltali kr. 20 þúsund. Varasjóðurinn verður uppfærður einu sinni á ári, að loknum aðalfundi, og verður þá hverjum og einum félagsmanni sent yfirlit yfir stöðuna og hvað hann hefur tekið út úr sjóðnum á liðnu ári.

### Meira val í notkun á sjóðnum

Við hvetjum félagsmenn til að safna í sjóðinn og mynda varasjóð sem þeir geta nýtt til að mæta stærri áföllum, s.s. atvinnuleysi eða veikindum, og til að efla sig og styrkja á vinnumarkaði, t.d. með aukinni menntun. Varasjóðurinn verður sérgreind eign sjóðfélaga sem þeir geta nýtt eins og þeir telja hentugast, m.a. til eftirfarandi:

- Til framfærslu samhliða atvinnuleysisbótageiðslum
- Til námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- Til fæðingarorlofs
- Sem starfslokasjóður, laus til ráðstöfunar við 63 ára aldur
- Við fráfall félagsmanns til viðbótar við hugsanlegar dánarbætur úr Sjúkrasjóði
- Til kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- Til kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- eða tannlæknaþjónustu
- Til kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- Til kaupa á orlofstengdri þjónustu

### Þeir sem hætta í VR

Þeir sem hætta í félaginu til frambúðar geta nýtt sjóðinn á sama hátt og félagsmenn, svo lengi sem þeir eiga inneign. Þeir sem hætta tímabundið eða fara í annað stéttarfélag geta einnig ávaxtað inneign sína þann tíma sem þeir eru utan félagsins.



## FRÆÐSLA

# Efla þarf menntun í ferðapjónustu

Brýnt er að auka verulega sí- og endurmenntun starfsfólks í ferðapjónustu og byggja upp nám á sviði ferðamála, sérstaklega á framhaldsskóla- og háskólastigi. Efla þarf ímynd ferðapjónustunnar sem spennandi starfsvettvangs til að laða að velmenntað starfsfólk. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýlegri þarfagreiningu fyrir fræðslu og menntun í ferðapjónustu. Markmið með greiningunni var að varpa ljósi á þarfir ólíkra hópa, greina og sviða innan ferðapjónustunnar, kanna þá þætti sem snúa að skipulagi náms og fræðslu í ferðapjónustu og skoða hvort og hvernig aukin hæfni og menntun geti nýst atvinnugreininni.

### Efla þarf fagmenntun

Fram kemur að helmingur starfsfólks í ferðapjónustu hefur ekki lokið sérmenntun á sviði ferðapjónustu en þeir sem hafa lokið sérnámi telja menntunina nýtast þeim vel í starfi. Menntunarstig er hæst á ferðaskrifstofum og í afþreyingarfyrirtækjum og í stærri fyrirtækjum á öðrum sviðum. Lægst er menntunarstig á gisti- og veitingastöðum. Það er skýr niðurstaða þarfagreiningarinnar að til staðar þurfi að vera nám á sviði ferðamála á svo til öllum skólastigum.

### Lítill áhersla á sí- og endurmenntun

Áhersla á sí- og endurmenntun er lítil í greininni. Fyrirtæki virðast almennt ekki með markvissa stefnu á þessu sviði og lítill hvatning til staðar. Um helmingur starfsmanna í

ferðapjónustu hefur ekki sótt símenntun í greininni á síðastliðnum tveimur árum. Hvorki starfsfólk né fyrirtæki nýta sem skyldi starfsmenntasjóði stéttarféлага og atvinnurekenda, 66% svarenda þekktu lítið eða ekki til sjóðanna og stjórnendur þekktu almennt ekki til þeirra. Þarfagreiningin sýnir ótvírætt að þörf er fyrir sérhæfða sí- og endurmenntun í ferðapjónustu og auknið alþjóðlegt samstarf á sviði menntunar og þjálfunar.

### Hlúa þarf að starfsólki

Skortur á hæfu vinnuafli getur orðið vandamál í ferðapjónustu í framtíðinni. Störf í ferðapjónustu eru fjölbreytt og oft sérhæfð en fyrirtæki í ferðapjónustu virðast ekki fjárfesta í starfsólki til framtíðar. Ekki er notast við formlegar leiðir til ráðninga né áhersla lögð á þjálfun, nýliðafræðslu eða símenntun. Tækifæri til starfsþróunar eru lítil. Fólk virðist almennt hvorki fá stöðuhækkanir né færast mikið til í starfi. Það er frekar að fólk fái ný verkefni til að takast á við sem er merki um vöxt og uppgang í greininni. Helsta orsök þess að ekki er lögð meiri áhersla á þróun starfsmanna er talin vera smæð fyrirtækja. Fyrirtæki þurfa að marka sér skýra stefnu varðandi ráðningar og leita þarf leiða til að gera ferðapjónustuna aðlaðandi atvinnugrein fyrir metnaðarfullt og hæft vinnuafli.

Sjá nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is)

## FÉLAGSMÁL

# Krafa frá skattayfirvöldum um álag á vangreidda staðgreiðslu af styrkjum

## VR telur óeðlilegt að skattayfirvöld beiti félagið viðurlögum

Skattstjórnin í Reykjavík hefur í hyggju að ákvarða álag á vangreidda staðgreiðslu af greiddum styrkjum úr sjúkrasjóði VR á árinu 2004. Þar sem óvissa hefur ríkt um skatta-lega meðhöndlun þessara styrkja, og hvort yfirleitt sé um skattskyldar tekjur að ræða, telur VR óeðlilegt að skattayfirvöld beiti viðurlögum. Að auki telur félagið að með því að krefja VR eitt stéttarfélag um álag vegna vangreiddrar staðgreiðslu aftur í tímann sé verið að mismuna því.

### Styrkir ekki skattskyldir að mati VR

Forsaga málsins er sú að VR hefur í meira en fimmtán ár greitt félagsmönnum sínum styrki til líkamsræktar og heilsueflingar og á síðustu árum einnig til kaupa á tryggingum, gleraugum, til greiðslu á sjúkraþjálfun, sálfræðikostnaði, tannlæknakostnaði o.fl. Þessir styrkir hafa ætíð verið gefnir upp til skattayfirvalda og færðir undir skattfrjálsar tekjur enda var það og er enn skoðun félagsins að slíkir styrkir séu ekki skattskyldir. Það virðist líka hafa verið skoðun skattayfirvalda þar sem styrkir þessir voru ekki skattlagðir fyrr en fyrir þremur árum en þá leituðu nokkrir félagsmenn til VR þegar skattur var lagður á styrki þeirra. Í kjölfarið hafði félagið samband við skattayfirvöld þar sem þau svör fengust að styrkirnir hlytu að hafa verið skattlagðir fyrir mistök. Einhverjir félagsmannanna

fengu ekki leiðréttingu sinna mála og var aftur haft samband við skattinn. Í það sinn var svarið að nú væri það skoðun skattayfirvalda að þessir styrkir væru skattskyldir.

### Hugarfarsbreyting hjá skattayfirvöldum

Þarna hafði greinilega orðið hugarfarsbreyting hjá skattayfirvöldum því fram að þessum tíma höfðu styrkirnir ekki verið skattlagðir. Engar breytingar höfðu verið gerðar á lögum eða reglugerðum sem skattayfirvöld vinna eftir né því hvernig VR gaf þá upp til skattayfirvalda. Það er því greinilegt að á þessu tímabili breyta skattayfirvöld túlkun sinni á lögum og reglugerðum. Einnig má benda á að öll árin frá því skattlagning styrkjanna hófst árið 2002 hafa sumir félagsmenn fengið skatt á þá en aðrir ekki, þrátt fyrir að telja fram á sama hátt.

Að frumkvæði VR var látið reyna á þessa túlkun skattayfirvalda. Tvö mál fóru fyrir yfirskaðanefnd árið 2002 og var úrskurðað í þeim árið 2003. Dæmt var kærendum í hag þar sem skattayfirvöld höfðu ekki gætt formreglna við afgreiðslu þessara mála. Ekki fékkst niðurstaða til efnisatriða málanna, þ.e. hvort styrkirnir teldust til skattskyldra tekna eða ekki. Aftur var farið með mál fyrir yfirskaðanefnd árið 2005 og fékkst úrskurður í september sama ár þess efnis að styrkirnir væru skattskyldir. Fram að þeim

tíma var að mati félagsins óvissa um hvernig stéttarfélag ættu að fara með styrkina í skatta-legu tilliti.

### Óvissa hefur verið um skattskyldu styrkjanna

VR barst svo í upphafi þessa árs bréf frá Skattstjórnarmanninum í Reykjavík þar sem fram kemur að hann hafi í hyggju að leggja á félagið álag fyrir að hafa ekki skilað staðgreiðslu af styrkjunum. VR gagnrýnir þessa ákvörðun. Í fyrsta lagi telur félagið að óvissa hafi ríkt um það hvort þessir styrkir séu skattskyldir. Í öðru lagi eru styrkir til hvers og eins félagmanns mjög lágir, að meðaltali kr. 15.000 árið 2004, og geta því fallið undir 2. mgr. 8. gr. laga númer 45 frá árinu 1987 þar sem gert er ráð fyrir því að fjármálaráðherra geti ákveðið með reglugerð að laun undir ákveðinni fjárhæð skuli ekki falla undir staðgreiðslu, enda felst í því augljóst hagræði fyrir alla aðila. Í þriðja lagi telur félagið að skattayfirvöld hefðu átt að tilkynna VR með sanngjörnum fyrirvara að því bæri að skila staðgreiðslu af styrkjunum í stað þess að leggja á félagið álag aftur í tímann fyrir að gera það ekki. Og í fjórða lagi eru félagið og félagsmenn þess beittir mismunun þar sem VR hefur eitt stéttarfélag fengið kröfu um álag vegna vangreiddrar staðgreiðslu aftur í tímann.





## KANNANIR

# Viltu vinna þér inn utanlandsferð?

## Taktu þátt í könnunum VR

Starfsskilyrði, launakjör og samskipti á vinnustað eru veigamiklir þættir í líðan okkar. Um þessar mundir er verið að senda út hinar árlegu kannanir á Fyrirtæki ársins og launum félagsmanna. Hverjum spurningalista fylgir happdrættisnúmer þar sem veglegir vinningar eru í boði. Það getur því verið tvöfaldur ávinningur af því að taka þátt því niðurstöður könnunarinnar stuðla að því að bæta lífskjör þín jafnframt því sem þú gætir átt von á vinningi.

### Fyrirtæki ársins

VR hefur staðið fyrir könnun á fyrirtæki ársins undanfarinn áratug. Að þessu sinni verður könnunin stærrí en nokkru sinni fyrr þar sem SFR, Stéttarfélag í almannatjónustu hefur ákveðið að taka þátt í könnuninni. SFR mun velja stofnun ársins. Könnunin mun ná til hátt í þrjátíu þúsund starfsmanna.

Í könnuninni um Fyrirtæki ársins er spurt um starfskjör og starfsumhverfi, samskiptamál og starfsanda. Niðurstöðurnar eru starfsmönnum mikilvægar til að meta sinn eigin vinnustað og bera hann saman við aðra. Hvað varðar

fyrirtækin veitir þessi könnun þeim mikilvægar upplýsingar um veikleika þeirra og styrkleika og hvað betur má fara á vinnustaðnum.

### Launakönnun

Einungis fullgildir félagsmenn VR taka þátt í launakönnuninni en niðurstöðurnar sýna hver raunveruleg laun eru fyrir ákveðin störf, þ.e. markaðslaun. Félagsmenn geta auðveldlega borið saman launakjör innan ákveðinna starfsstétta eða atvinnugreina og launaþróun á milli ára. Launakönnun VR gegnir lykilatriði í undirbúningi fyrir launaviðtalið sem allir félagsmenn hafa kjarasamningsbundinn rétt á einu sinni á ári.

### Frestur til 7. mars að skila svörum

IMG Gallup sér um framkvæmd kannananna og úrvinnslu niðurstöðna. Frestur til að svara er til og með 7. mars.

### Hvenær verða niðurstöður kynntar?

Fullgildir félagsmenn fá báðar kannanir sendar samtímis en niðurstöðurnar verða kynntar sitt í hvoru lagi, niðurstöðurnar í fyrirtæki ársins í maí en launakönnunarinnar í september.



## FRÆÐSLA

# Átt þú rétt á starfsmenntastyrk?

Félagsmenn VR geta sótt um starfsmenntastyrki til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SA) eða Starfsmenntasjóðs verslunarinnar (FÍS).

Styrkirnir nema allt að helmingi námskeiðsgjalda, en upphæð styrks fer eftir stigaeign hvers og eins. Styrkur til félagsmanns getur aldrei numið hærri fjárhæð en stigaeign hans kveður á um en starfsmaður sem er með laun á bilinu kr. 60.000-150.000 vinnur sér inn eitt stig fyrir hvern mánuð sem greitt hefur verið iðgjald í sjóðinn og er það í dag að jafnvirði kr. 1.000 styrks. Þeir sem eru með hærri tekjur en kr. 150.000 á mánuði fá hlutfallslega fleiri stig. Félagismaðurinn þarf að greiða fyrir námskeiðið sjálfur til að fá greiddan fullan styrk. Ekki eru styrkt námskeið sem atvinnurekandi sendir félagsmann á en taki atvinnurekandi þátt í kostnaði á námskeiði sem er ekki tengt starfinu þarf hann að staðfesta á greiðslukvittuninni með undirskrift og stimpli hversu stóran hluta hann greiðir.

### Skilyrði fyrir styrk

Meginskilyrði fyrir því að fá styrk er að félagismaður hafi greitt til félagsins félagsgjald á síðustu 12

mánuðum og að greiðslukvittun sé ekki eldri en 12 mánaða gömul. Skila þarf inn greiðslukvittun og fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins eða á skrifstofunni. Styrkir eru greiddir út vikulega og umsóknir sem berast fyrir miðvikudag eru greiddar út á föstudegi.

### Veittir styrkir

Fyrir utan starfsmenntastyrki eru einnig veittir tómskundastyrkir og ferðastyrkir vegna námsferða. Nánari upplýsingar eru hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700. Hægt er að nálgast samþykktir og starfsreglur Starfsmenntasjóðanna sem og umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is). Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [styrkir@vr.is](mailto:styrkir@vr.is)

## FRÆÐSLA

# Fyrirlestraröð VR á vorönn 2006

Í vetur verður áfram boðið uppá okkar sívinsælu hádegisfyrirlestra þar sem ýmsir sérfræðingar munu ræða um áhugaverð málefni.

Fyrirlestrarnir eru öllum félagsmönnum opnir og að kostnaðarlausu. Þeir verða haldnir á milli kl. 12-13 í húsnæði VR í Húsi verslunarinnar á 0. hæð. Skráning er í þjónustuveri VR í síma 510 1700.

### **Þegar Davíð hittir Golíat**

23. febrúar

Háskólinn í Reykjavík/Símennt, Sigurður Gíslason, Cand.Oecon.

Undirbúningur fyrir launaviðtalið. Inngangur að samningatækni sem nýttist okkur í starfi og einkalífi.

### **Ofbeldi – varnir og viðbrögð**

9. mars

Öryggismiðstöðin, Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur.

Fjallað verður um ofbeldi og ógnanir, varnir og viðbrögð. Skilgreind verða merki um yfirvofandi ofbeldi og hvernig eigi að bregðast við ógnunum.

Einnig verður fjallað um rán, hvernig eigi að bregðast við og hvað skal varast.

### **Samkipti og vellíðan á vinnustað**

16. mars

Þekkingarmiðlun, Eyþór Eðvarðsson, M.A. í vinnusálfræði.

Í fyrirlestrinum er farið ofan í saumana á uppbyggilegum og árangursríkum samkiptum á vinnustað, eins og traust, heiðarleika, ábyrgð, virðingu o.fl.

### **Menningarlæsi**

6. apríl

Háskólinn í Reykjavík / Símennt, Margrét Jónsdóttir, Phd.

Í fyrirlestrinum er fjallað um menningarlæsi. Hvað er menningarlæsi og hvernig getur það hjálpað okkur í viðskiptum og samskiptum?



Ingrid Kuhlmann var með fyrirlesturinn „Hverssu full er fatan þín“ í byrjun febrúar

### **Vinnupersónuleikar**

27. apríl

Þekkingarmiðlun, Eyþór Eðvarðsson, M.A. í vinnusálfræði.

Í fyrirlestrinum er farið í mismunandi þroskastig hópa og einkenni skilvirkra hópa. Teknir eru fyrir mismunandi vinnupersónuleikar og hvernig þeir starfa saman.



## ORLOF

# Funheitir dagar á sólarströnd

Calpe, Krít og Mallorca

Enn er laust í ferðir á funheitar sólarstrandir í Calpe og Mallorca og á Krít fyrir næsta sumar. Um er að ræða hótelin Rubino og Hipocampo í Calpe, Alcudia Pins á Mallorca og Helios á Krít. Allar íbúðirnar eru mjög vel búnar og aðstaðan til fyrirmyndar. Þessir áfangastaðir voru einnig í boði sl. sumar og þá fóru um eða yfir fimmhundruð manns til sólarlanda á vegum VR.

Nánari upplýsingar um Calpe má nálgast hjá Sumarferðum á [www.sumarferdir.is](http://www.sumarferdir.is) og í síma 575 1515, um Mallorca hjá Heimsferðum á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is) og í síma 595 1000 og um Krít hjá Úrval-Útsýn á [www.uu.is](http://www.uu.is) og í síma 585 4000. Auk þess er umfjöllun um ferðirnar í desemberhefti VR blaðsins og á [www.vr.is](http://www.vr.is)

## Verðlisti

	Fjöldi í íbúð	Calpe	Mallorca	Krít
A3	8	39860		
A3	7	45500		
A3	6	51200		
A2	6	40600	46500	60600
A2	5	45600	50600	62600
A2	4	50800	56800	
A2	3		67100	
A1	5			57400
A1	4	45600	53400	58200
A1	3	48700	62500	66500
A1	2	62900	77900	72600

### Íbúðaskipan á Calpe og Mallorca

- A1 2 fullorðnir + 2 börn eða 3 fullorðnir
- A2 4 fullorðnir + 2 börn eða 5 fullorðnir
- A3 Eingöngu Calpe 6 fullorðnir + 2 börn eða 7 fullorðnir

### Íbúðaskipan á Krít

- B1 hámark 5 manns í íbúð. 5. maður í íbúð þarf að vera yngri en 12 ára.
- B2 hámark 6 manns í íbúð. 6. maður í íbúð þarf að vera yngri en 12 ára.

Innfalið í þessum verðum er; flug, flugvallaskattar og gisting í hálfan mánuð pr. mann.





Kristín Kristjánsdóttir starfsmaður Maður Lifandi gefur viðskiptavini góð heilsuráð.

## HEIMSÓKN

# Maður lifandi!

VR-blaðið fór á röltið og kíkti í heimsókn í Maður lifandi í Borgartúni.



### Gleðisafi ljósmyndarans

Höfundur: **Kristín Kristjánsdóttir**

2 x kiwi

2 x græn epli

20 gr. engifer

Dash lífrænt ræktaður sítrónusafi

Allt sett í safapressu og útkoman verður eitt stórt glas fullt af **hamingju**.

**Kiwi** dregur úr vöðvaverkjum og er gott við höfuðverk. **Græn epli** styrkja hjartað og eru hitagefandi. **Engifer** er bólgueyðandi og gott fyrir magann.



Mynd til vinstri: Sigrún Jóelsdóttir

Mynd til hægri: Helga Mogensen aðstoðar framkvæmdastjóri og Sigríður Vala verslunarstjóri



## Launahækkunir



### VR – SA

#### 2,5% launahækkun um áramót

Öll laun hækkuðu skv. kjarasamningi VR og SA um 2,5% frá og með 1. janúar 2006. Hækkunin átti að koma til útborgunar í fyrsta sinn 1. febrúar sl. Um 90% félagsmanna VR taka laun skv. kjarasamningi VR og SA.

### VR – FÍS

#### 5000 krónur á lægstu launin

Skv. kjarasamningi VR og FÍS kemur hækkun að upphæð kr. 5000 ofan á laun sem eru undir kr. 200.000 frá og með 1. janúar 2006. Hækkunin átti að koma til útborgunar í fyrsta sinn þann 1. febrúar sl.

### Fékkstu ekki örugglega 26.000 kr. í desember?

Í kjarasamningum í haust var samið um eingreiðslu að upphæð 26.000 kr. til starfsmanna sem hafa verið í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og voru í starfi í síðustu viku nóvember eða í fyrstu viku desember. Hlutastarfsfólk átti að fá greitt hlutfallslega. Eingreiðslan átti að greiðast út í síðasta lagi 15. desember 2006.

## ORLOFSHÚS

# Orlofshús Verzlunarmannafélags Hafnarfjarðar



Vegna samstarfs VR og Verzlunarmannafélags Hafnarfjarðar fjölgar orlofshúsum í útleigu um fjögur á næstu vikum, en VH á þrjá bústaði og eina íbúð á Akureyri. Staðsetning húsa er mjög góð; tvö hús í Húsafelli, eitt hús í Hraunborgun í Grímsnesi og ein íbúð við Furulund 8 á Akureyri.

**Birkihlíð 1, Húsafelli** er lítið og notalegt hús. Þar er eitt svefnherbergi með hjónarúmi, koju og svefnlofti þar sem tveir geta sofið. Baðherbergi er með sturtu. Eldhús með eldavélakubb, lítið sjónvarp, dvd og bækur. Lítil heitur pottur er við húsið og kolagrill.

**Birkilund 18 í Húsafelli** er stærra. Þar eru tvö svefnherbergi. Annað með hjónarúmi, hitt með koju og svo er svefnloft með dýnum, ætlað fyrir 7-8 í gistingu. Baðherbergi er með sturtu. Þvottavél og þurrkari eru í húsinu, svo og útvarp, sjónvarp, dvd og bækur. Heitur pottur á verönd og kolagrill.

**Lundeyjarsund 6, Hraunborgum, Grímsnesi.** Þar er hús með þremur svefnherbergjum, gistaðstaða fyrir 7 manns. Baðherbergi með sturtu og samsvarandi búnaður og í hinum húsunum. Verið er að ganga frá heitum potti við bústaðinn. Rólur, vegasalt og sandkassi eru úti fyrir börnin.

**Furulundur 8b, Akureyri.** Íbúð á annarri hæð með tveimur svefnherbergjum og svefnaðstaða fyrir fjóra. Stofa, eldhús og bað. Þvottavél er á baðherbergi annars sami búnaður og í öðrum húsum VH.

Gert er ráð fyrir að þessi hús verði tilbúin til útleigu á næstu vikum.

## ORLOFSHÚS

# Páskahelgin í orlofshúsi

Sækið um fyrir 27. febrúar



Undanfarin ár hefur páskavikunni verið skipt í tvennt í nokkrum húsum til að fleiri geti átt kost á að komast í sveitina í páskafríinu. Svo verður einnig í ár. Vikunni verður skipt frá miðvikudeginum 12. apríl til hádegis laugardaginn 15. apríl og frá laugardeginum til þriðjudagsins 18. apríl í 11 húsum. Í öðrum húsum félagsins verður hægt að leigja vikuna alla eða frá 12. apríl til 18. apríl.

Umsóknarfrestur er til 27. febrúar. Best er að sækja um á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) en eyðublöð fást einnig á skrifstofunni.

Að þessu sinni standa félagsmönnum VR til boða: 1 hús í Ölfusborgum, 2 hús í Vaðnesi, 20 hús í Miðhúsaskógi, 3 hús á Flúðum, 2 hús á Einarsstöðum, 3 hús í Húsafelli, 1 hús og 2 íbúðir í Stykkishólmi, 5 íbúðir á Akureyri, 2 hús í Varmahlíð í Skagafirði, 2 íbúðir á Laugarvatni og 1 hús að Minni Borg í Grímsnesi.

Úthlutun mun liggja fyrir 6. mars og fá allir umsækjendur sendan tölvupóst eða bréf um niðurstöðurnar. Leigusamning þarf svo að undirrita á skrifstofu VR fyrir 13. mars. Hægt er að ganga frá greiðslu á skrifstofu VR eða greiða með kredit korti gegnum síma.

Leiguverðið páskavikuna alla er kr. 22.900 á Flúðum, Vaðnesi, Miðhúsum, Húsafelli og í Stykkishólmi eða þar sem er heitur pottur en á öðrum stöðum kr. 20.300. Hægt er að sækja um hálfu viku í Miðhúsaskógi, Húsafelli og í Varmahlíð og er verðið þá kr. 11.000. Hálf vika á Minni Borg er á kr. 22.500.

Sjá nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is)

## Komdu í morgunkaffi!

Fyrirhugaðir fundir þar sem forsvarsmenn VR hitta félagsmenn í morgunkaffi verða sem hér segir.

23. og 24. febrúar

2., 3., 9., 10., 16., 17., 23.,

24., 30. og 31. mars

6., 7., 21., 27. og 28. apríl

Óski fyrirtæki eftir því að fundir séu haldnir á vinnustað er það sjálfsagt mál. Á síðasta ári komu um sexhundrað manns á morgunfundi hjá félaginu og áttu spjall við stjórnendur. Boðað er á fundina handahófskennt úr félagaskrá en einnig er hægt að hringja og skrá sig sjálfur. Nánari upplýsingar eru á [www.vr.is](http://www.vr.is) og skráning er í þjónustuveri, sími 510 1700.

## Aðalfundur

Aðalfundi VR sem halda átti nú í lok febrúar verður frestað til loka marsmánaðar. Nánari dagsetning verður auglýst síðar. Á dagskrá fundarins er m.a. tillaga um um breytingu á lögum félagsins, breytingu á nafni félagsins, breytingar á reglugerðum sjúkra- og orlofssjóða, varasjóð auk venjulegra aðalfundarstarfa.

**Viðtal:** Oddný Sturludóttir

**VIÐTALIÐ**

# Áfallið kom smátt og smátt

Ég ætla ekki að gefast upp!

Hekla Guðmundsdóttir er 31 árs gömul og 75% öryrki. Hún er menntuð sminka og starfaði í leikhúsum og kenndi förðun. Hún var í viðskiptafræðinámi við Háskóla Íslands þegar hún varð ólétt að dóttursinni Sögu, sem fæddist í desember árið 2003.



„Meðgangn gekk eins og í sögu og ég naut hennar í botn. Ég fór í leikfimi og jóga, æfði sérstaka öndun og kveidi ekkert fyrir fæðingunni. Fyrstu samdrættirnir gerðu vart við sig að kvöldi til og við fyrsta samdrátt var engu líkara en grindin væri að brotna í tvennt. Sársaukinn var ólýsanlegur og maðurinn minn hélt að barnið væri að koma í heiminn á næstu mínútum. Við lögðum af stað upp á sjúkrahús og ég engdist um af kvölum í bílnum á leiðinni. Ljósmeðurnar á fæðingardeildinni skoðuðu mig og sögðu að útvíkkunin væri bara rétt að byrja, enn væri mjög langt í land. Mér fannst sársaukinn óbærilegur en ég hafði auðvitað aldrei fætt barn áður þannig að ég beit bara á jaxlinn og þraukaði.“

23 klukkutímum síðar kom barnið í heiminn og þá hafði Hekla rembst í fjóra klukkutíma.

„Á endanum gaf grindin eftir og barninu tókst að troða sér út. Þá var höfuðið á því orðið kolbikasvart af mari eftir troðninginn. En ég var ósköp fegin að þetta væri búíð og fegin að fá hana í hendurnar eftir allt erfiðið. Á meðan fæðingunni stóð heyrði ég ljósmóðurina impra á því hvort ekki væri skynsamlegt að taka barnið með keisaraskurði. En aldrei var kallað í fæðingarlækni á meðan fæðingunni stóð þrátt fyrir að hún gengi svona erfiðlega. Litla fjölskyldan var flutt í annað herbergi og við gátum ekki beðið eftir að hvíla okkur eftir erfiðan sólarhring.“

En erfiðið var rétt að byrja. Hekla gat ekki fest svefn því henni var svo mál að pissa.

„Rúmum klukkutíma eftir fæðinguna fór mér að líða mjög illa og þurfti mikið að pissa. En ég gat það ekki og lét vakthafandi ljósmóður vita af því. Hún bað mig að reyna betur, sem ég gerði en ekkert gekk. Þetta ástand varði allt kvöldið og á endanum fór ég til hennar og sagðist vera gjörsamlega úrvinda af þreytu, með verki um allan skrokkinn og alveg í spreng. Þá snéri hún sér að mér og sagði með þjosti að hún væri að fara að horfa á upphaldsþáttinn sinn í sjónvarpinu og ég skuli bara fara inn á klósett og reyna betur! Ég tók ákvörðun að gefast upp á þessari ágætu ljósmóður og biða eftir annarri ljósmóður sem var væntanleg á næturvakt. Síðar frétti ég af því að þessi ljósmóðir skrifaði í mæðraskrána mína að ég hefði tæmt blöðruna á hennar vakt, sem er helber lygi. En ljósmóðir-

in sem kom á næturvaktina hafði skrána til hliðsjónar og hafði því kannski ekki svo miklar áhyggjur af ástandinu. Í vinnureglum ljósmæðra er kveðið á um að kona verði að tæma blöðruna innan fjögurra klukkustunda frá fæðingu. Í mínu tilviki leið 21 klukkutími þangað til blaðran var tæmd og þá var skaðinn skeður. Við tók þrautaganga sem enn sér ekki fyrir endann á.“

Þegar barnið þrýsti sér niður í gegnum þrönga grindina á Heklu, reif það í sundur taugar og sínar og við það lamaðist þvagrásin tímabundið. Þess vegna gat Hekla ekki tæmt blöðruna.

„Daginn eftir fæðinguna var ég sárkvalin, svefnvana og maginn á mér blés út eins og bolti. Ég gulnaði og smátt og smátt missti ég tilfinningu fyrir því að ég væri í spreng. Barnalæknar hlupu inn og út af stofunni til að hlúa að dóttur minni, sem var aðframkomin eftir erfiða fæðingu og með of lágan blóðsykur. Ég ranglaði um eins og illa gerður hlutur, hafði auðvitað áhyggjur af dóttur minni en leið sjálfri stöðugt verr. Ljósmeðurnar létu mig á einhverjum tímapunkti drekka tvo lítra af heitu vatni af því þær héldu að ég væri með blöðrubólgu. Við það stækkaði maginn á mér til muna en enginn virtist sjá neitt athugavert við það. Það endaði með því að ég stappaði niður fæti og sagðist vilja fara heim því mér liði illa á spítalanum! Þá varð uppi fótur og fit og ljósmæðurnar kölluðu í lækni. Hann potaði í magann á mér og ég öskraði upp yfir mig af sársauka. Þá var þræddur upp þvagleggur og út um hann streymdu hvorki meira né minna en fjórir lítrar af þvagi sem safnast höfðu saman í maganum á mér. Til viðmiðunar má geta þess að á meðal hjúkrunarfólks telst afar ámælisvert ef meira en 800 ml af þvagi safnast fyrir í blöðru sjúklings í einu.“

Ef þvagblaðra yfirfyllist á þennan hátt, fer þvagið að skemma viðkvæmar taugar allt í kring. Það átti eftir að koma betur í ljós seinna.

„Ég dvaldi næstu daga í Hreiðrínu með þvaglegg og þvagpoka. Ég reyndi að halda dóttur minni að brjóstinu en var sjálf mjög slöpp og leið illa en ljósmæðurnar voru samt alfarið á móti því að hún fengi pela, það samræmdest ekki heimspeki deildarinnar. Ég hef oft furðað mig á því að læknir skyldi aldrei hafa verið kallaður til og að ég skyldi aldrei hafa verið færð

á aðra deild með herra þjónustustigi. Hreiðrið, eins og allir vita, er fyrir konur sem hafa fætt eðlilega, líður vel og geta farið fljótlega heim til sín. Ekkert af þessu átti við mig.“

Hekla var send heim með þvaglegg og sagt að eftir viku yrði hann tekinn og þá gæti hún líklega pissað sjálf. En það liðu fjórir mánuðir áður en hún var alveg laus við þvaglegginn.

„Tveimur vikum eftir fæðinguna fór ég á þvagfæradeild og þar fékk ég frábæra þjónustu og fannst gott að vera komin í réttar hendur. Þar er yndislegt starfsfólk sem hugsaði alltaf vel um mig. En ég segi það tæpitungulaust: Það var ömurlegt að vera með þvaglegg. Honum fylgdu þrálátar sýkingar og þvagpokinn pirraði mig óstjórnlaga. En á þessum tíma var ég samt nokkuð bjartsýn á fullan bata enda var ekki komið í ljós hvað taugakerfið og stoðkerfið höfðu beðið mikinn skaða af.“

Áfallið kom smátt og smátt. Hekla var við hestaheilsu rétt áður en hún átti sitt fyrsta barn en einu ári síðar var hún orðin 75% öryrki.

„Þetta eru aðallega taugaskemmdir, frá lífbeini og upp að nafla. Taugaskemmdirnar leiða niður í fótleggi og gera það að verkum að ég á erfitt með gang. Eins fæ ég linnulausa stingi sem leiða niður í fætur, eins og verið sé að skjóta mig. Liðpokinn vinstra megin er skemmdur og vinstri mjaðmakamburinn hreyfist óeðlilega. Stoðkerfið er allt í lamasessi og ég er stanslaust þjökuð af verkjum um allan líkamann. Mestu skemmdirnar stafa þó af þvagblöðruþrýstingnum en þvagið eittraði mjög stórt svæði. Ég hef ennþá ekki öðlast tilfinningu fyrir því hvort mér sé mál að pissa eða ekki. Ég geng með klukku á mér og haga salernisferðum mínum eftir henni. Tilfinningaleysið í blöðrunni er algjört og ef ég gæti ekki að mér, fæ ég svæsna þvagfærasýkingu sem leiðir svo út í nýrnasýkingu. Þetta hefur hent mig þrisvar á stuttum tíma með tilheyrandi háum hita og vanlíðan. Þá eru ótalin andleg vanlíðan, svo sem kvíðaköst, streita og þreyta.“

Ófárir Heklu eru ekki upptaldir. Þegar dóttir hennar var rúmlega eins árs lenti hún í umferðaróhappi.

„Ég var að keyra með dóttur mína í bílnum eftir Reykjanesbrautinni og þá leið yfir mig, en það



hafði komið fyrir mig nokkrum sinnum áður. Billinn fór út af veginum og endaði úti í hrauni eftir tvær harkalegar byltur. Dóttir mín slapp ótrúlega vel og meiddist ekkert en ég fékk slæman hnykk á hálsinn og mjöðmina. Billinn gjöreyðilagðist eftir bylturnar. Ég fékk vægt taugaáfall og þjáðist af gríðarlegum svefn-truflunum í langan tíma á eftir, og þjáist reyndar enn í dag. Ég fæ itrekaðar martraðir, síþreyta hefur gert vart við sig, minnisleysi og ofsakvíði. Fyrir stuttu síðan greindist ég með vefjagigt sem má rekja til langvarandi skorts á almennilegum nætursvefni. Vefjagigtin háir mér því ég hef svo gaman af handavinnu og hanna töskur og barnblóm.“

Hekla sparar ekki stóru orðin þegar hún lýsir manni sínum Ómari Hilmarssyni og yndislegu dóttur þeirra, henni Sögu.

„Ég er svo heppin með manninn minn og hann hefur staðið eins og klettur við hlið mér í veikindunum. Auðvitað myndi ég vilja heitast af öllu geta verið betri mamma og eiginkona og ég þrái að tengjast dóttur minni betur. Ég á líka frábæra fjölskyldu og dásamlega vini og vinkonur sem gera allt fyrir mig. En ein manneskja á þó heiðurinn af því að ég sé yfirhöfuð á fótum, og það er Þorgerður Sigurðardóttir, sjúkrapjálfari hjá Táp í Kópavogi. Hún hefur haldið mér gangandi síðastliðin tvö ár og ég held ég geti sagt að ég eigi henni líf mitt að launa. Þegar ég byrjaði hjá henni leið mér ofsalega illa, ég var þjökkuð af verkjum og andlega hliðin var í molum. En jákvæðni Tobbu og starfsfólksins hjá Táp hefur algjörlega bjargað mér á allan hátt.“

Hekla hefur verið félagsmaður hjá VR síðan hún byrjaði að vinna.

„Þegar maður veikist alvarlega er erfitt fyrir mann að baksa í flóknum kerfismálum. Kerfið er seinvirkt og hjálpar veiku fólki ekki við að leita réttar síns. Eftir mikið þjark við hið opinbera fór ég á fund Rósmarý Úlfarsdóttur hjá sjúkrasjóði VR og það var eins og að vera komin í paradís. Hún er svo yndisleg og hlý og gerir manni hlutina svo auðveld. Ég sé svo sannarlega ekki eftir því að hafa borgað í gott verkalýðsfélag. Sjúkrasjóður VR og Lífeyrissjóður verzlunarmanna hafa algjörlega bjargað okkur hjónunum því kostnaðurinn við veikindin hefur verið mikill.“



Undanfarnar vikur hefur Hekla dvalið á Reykjalandi. Markmið Heklu með dvölinni þar er að ná betri tókum á svefnvandamálunum, öðlast meiri styrk og læra að lifa með veikindunum.

„Ég strengdi þess heit síðustu áramót að árið 2006 yrði mér farsælla en árið 2005. Mér getur eiginlega ekki hrakað meira, leiðin hlýtur að liggja upp á við úr þessu. Markmið mitt er að geta notið þess að vera með dóttur minni og taka þátt í eðlilegu fjölskyldulífi. Ég veit að ég mun aldrei vinna aftur, aldrei ná aftur fyrri styrk. En ég verð að læra að lifa með veikindunum og má ekki gefast upp. Og ég ætla ekki að gefast upp.“

Hekla leysir blaðamann VR út með hvítu, fallegu barnblómi sem hún hannaði og bjó til sjálf. Þessi unga kona hefur svo ótrúlega mikið að gefa og geislar af óskiljanlegum innri styrk þrátt fyrir að líkaminn sé lasinn og eigandi hans langþreyttur. Hekla segist þó ekki vera hetja.

„Ég sýnist oft vera sterk og æðrulaus en undir niðri er ég svekt og reið. Þetta á ekki að þurfa að koma fyrir neina konu. En ég vona að saga mín verði til þess að engin önnur kona lendi í því sama.“

**„Ég er svo heppin með manninn minn og hann hefur staðið eins og klettur við hlið mér í veikindunum.“**

# Skipt um réttindakerfi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna um áramót

## Áhersla lögð á að tryggja hagsmuni sjóðfélaga og vernda áunnin réttindi þeirra

Um áramótin var gerð viðamikil breyting á Lífeyrissjóði verzlunarmanna þegar skipt var yfir í nýtt réttindakerfi. Tekið var upp aldurstengt kerfi í stað kerfis sem miðar við jafna réttindaávinnslu óháð aldri eða hversu lengi viðkomandi hefur greitt í sjóðinn. Staða flestra félagsmanna VR, sem hafa greitt í Lífeyrissjóð verzlunarmanna síðastliðin fimm ár, verður óbreytt og halda þeir áfram að greiða iðgjald í kerfi sem miðar við jafna réttindaávinnslu. Nýir sjóðfélagar munu hins vegar fara í aldurstengda kerfið.

### Af hverju að breyta um kerfi?

Breytingar í umhverfi okkar á síðustu árum og áratugum voru hvatinn að endurskoðun á réttindakerfi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna en sú endurskoðun hefur staðið yfir í rúmlega ár. Ber þar fyrst að nefna að kaupmáttur launa hefur aukist umtalsvert á síðustu árum. Almenn hækka tekjur launafólks eftir því sem líður á starfsævina og kaupmáttur eykst. Jöfn réttindaávinnsla í lífeyrissjóði þýðir að allir fá sömu réttindi fyrir sitt iðgjald, alveg óháð aldri og þeirri staðreynd að iðgjöld yngra fólks eigi eftir að ávaxtast mun lengur en þeirra sem eldri eru (sjá nánar um muninn á jafnri og aldurstengdri réttindaávinnslu). Í lífeyrissjóði með jafna réttindaávinnslu getur einstaklingur því verið að hagnast mun meira á lífeyrissjóðakerfinu seinni hluta ævinnar en sem nemur því sem hann tapar á fyrri hlutanum.

Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að lífeyrissjóðir hafa almennt verið að færa sig yfir í aldurstengt réttindakerfi þar sem iðgjöld sem greidd eru fyrri hluta starfsævinnar skapa meiri réttindi en þau sem greidd eru á síðari hlutanum. Við þessar kringumstæður telur Lífeyrissjóður verzlunarmanna ófært að halda úti kerfi sem gerir ráð fyrir jafnri réttindaávinnslu. Einstaklingar geta fyrri hluta starfsævinnar greitt í lífeyrissjóð með aldurstengda ávinnslu, sem veitir þeim meiri réttindi á því aldurskeiði en kerfi með jafna ávinnslu, og skipt svo yfir í lífeyrissjóð sem hefur jafna ávinnslu sem veitir þeim hlutfallslega meiri réttindi á því aldurskeiði en aldurstengt kerfi.

Með tilliti til þessa lagði stjórn lífeyrissjóðsins til þær breytingar sem komu til framkvæmda þann 1. janúar 2006. Tillögurnar voru lagðar fyrir stjórn VR sem samþykkti þær.

### Hvað þýðir þetta fyrir sjóðfélaga?

Lífeyrissjóður verzlunarmanna leggur áherslu á að tryggja hagsmuni sjóðfélaga við svo viðamiklar breytingar sem hér um ræðir. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum geta sjóðfélagar sem greitt hafa til lífeyrissjóðsins undanfarin ár haldið áfram að greiða iðgjald sitt í kerfi sem gerir ráð fyrir jafnri réttindaávinnslu alla starfsævina og tapa því ekki neinum af þeim réttindum sem þeir hafa þegar unnið sér inn. Nýir sjóðfélagar munu hins vegar greiða til

sjóðsins miðað við aldurstengt réttindakerfi en það er greinilega yngra launafólki í hag.

Lífeyrissjóðir sem hingað til hafa miðað við jafna réttindaávinnslu, og eru að breyta yfir í sambærileg aldurstengt kerfi, hafa gert með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á heimild sjóðfélaga sem flytur sig milli einhverra þessara sjóða að halda áfram að greiða í kerfi sem gerir ráð fyrir jafnri réttindaávinnslu. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafa eftirtaldir lífeyrissjóðir nú þegar eða hyggjast breyta samþykktum sínum með hliðstæðum hætti og Lífeyrissjóður verzlunarmanna:

Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Gildi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Vestmanneyinga, Lífeyrissjóður Vesturlands, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóður Suðurlands.

Þeir lífeyrissjóðir sem ekki munu taka upp samsvarandi aldurstengt kerfi og Lífeyrissjóður verzlunarmanna heyra ekki undir samkomulagið sem sagt er frá hér að ofan. Einstaklingar sem fara úr slíkum sjóðum í t.d. Lífeyrissjóð verzlunarmanna þurfa að skoða sín mál vel því þeir kunna að tapa réttindum við flutninginn.

Nánari upplýsingar er að finna hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna í síma 580 4000 og á live.is



## LÍFEYRISSJÓÐUR

# Hvað er aldurstengt réttindakerfi lífeyrissjóða?

Margir lífeyrissjóðir eru nú að skipta út réttindakerfum sínum og taka upp aldurstengt réttindakerfi. En hvað er aldurstengt réttindakerfi og hver er munurinn á því og kerfi sem miðar við jafna réttindaávinnslu?

### Aldurstengt réttindaávinnsla

Kerfi sem miðar við aldurstengt réttindakerfi gerir ráð fyrir því að iðgjöld skapi réttindi í samræmi við þann tíma sem þau ávaxtast í sjóðnum. Iðgjald sem greitt er snemma á starfsævinni veitir því meiri rétt en iðgjald sem greitt er seinna.

### Jöfn réttindaávinnsla

Flestir lífeyrissjóðir hafa starfað samkvæmt kerfi sem miðar við jafna réttindaávinnslu. Í því kerfi gefur hver króna sem greidd er í sjóðinn nákvæmlega sömu réttindi til lífeyris, óháð því hver greiðir hana eða hvenær hún er greidd.

Þannig veitir iðgjald 25 ára starfsmanns sömu réttindi og iðgjald 65 ára starfsmanns, jafnvel þó iðgjald þess unga muni ávaxtast 40 árum lengur en iðgjald eldri starfsmannsins. Menn segja að þetta kerfi myndi sátta milli kynslóða. Á fyrri hluta starfsævinnar tapi menn á því að borga í lífeyrissjóð en hagnist á síðari hluta ævinnar. Þegar upp er staðið standi hins vegar allir jafnir.

### Vandamálið

Kerfi með jafna réttindaávinnslu skapar ákveðin vandamál sem lífeyrissjóðir standa nú frammi fyrir. Almenn aukast tekjur einstaklinga eftir því sem líður á starfsævina og kaupmáttur launa eykst. Jöfn réttindi í lífeyrissjóði þýða því að einstaklingur getur verið að hagnast meira á kerfinu á síðari hluta starfsævinnar sem sem nemur því sem hann tapaði á fyrri hlutanum. Þegar fram líða stundir myndi þetta íþyngja

lífeyrissjóðunum verulega en þetta vandamál hverfur með upptöku aldurstengds réttindakerfis.

Lífeyrissjóðir hafa almennt verið að færa sig yfir í aldurstengt réttindakerfi þar sem iðgjöld sem greidd eru fyrri hluta starfsævinnar skapa meiri réttindi en þau sem greidd eru á síðari hlutanum. Við þessar kringumstæður telur Lífeyrissjóður verzlunarmanna ófært að halda úti kerfi sem gerir ráð fyrir jafnri réttindaávinnslu. Einstaklingar geta fyrri hluta starfsævinnar greitt í lífeyrissjóð með aldurstengda ávinnslu sem veitir þeim meiri réttindi á því aldursskeiði en kerfi með jafna ávinnslu, og skipt svo yfir í lífeyrissjóð sem hefur jafna ávinnslu sem veitir þeim hlutfallslega meiri réttindi á því aldursskeiði en aldurstengt kerfi.

Í BRENNIDEPLI

# Ógnandi hegðun

Varnir og viðbrögð

Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur hjá Öryggismiðstöðinni hefur haldið fjölmörg erindi um ofbeldi og ógnanir á vinnustöðum síðustu ár. Hér tæpir hann á nokkrum atriðum sem gott er að hafa í huga.







Ógnandi hegðun verður sífellt algengari hér á landi. Þar sem margt fólk fer um koma gjarnan upp aðstæður þar sem fólk hefur áhyggjur af öryggi sínu. Þetta á við um t.d. verslunarmiðstöðvar og aðrar verslanir, opinberar stofnanir og móttökur margs konar.

### Um hvað snúast varnir gegn ógnandi hegðun?

Vinnuveitanda ber að veita starfsmönnum öruggt vinnuumhverfi. Ef rökstuddur grunur leikur á að öryggi starfsmanna geti verið ógnað er það í hans verkahring að draga úr hættunni með þeim ráðum sem honum eru kunnar eða leita álits sérfræðings. Hægt er að grípa til ýmissa ráðstafana s.s. með myndavélum og aðgangsstýringum en fyrst og fremst er það fræðsla og aukin vitund starfsmanna sem máli skiptir.

### Hvernig er hægt að sjá hvort einhver er að æsa sig við mann?

Það er auðvelt að sjá hvort einhver er æstur, erfiðara er að vita hvort viðkomandi sé líklegur til að beita mann ofbeldi. Þó eru fjölmörg merki um að slíkt geti gerst. Fólk er t.d. dregið í dilka með orðum eins og „þið þakki“ o.s.frv. Auðveldara er fyrir áráðarmanninn að meiða einhvern sem hann hefur ópersónugert en þann sem hann veit nafnið á. Einnig eru spurningar um aðstæður grunsamlegar, t.d. þegar spurt er um öryggis- aðbúnað t.d. „ertu ein/n?“ eða „Eru myndavélar hérna?“ Slíkum spurningum á aldrei að svara.

### Hvað ber að gera fyrst?

Það er mjög mikilvægt að draga mörk þegar fólk sýnir af sér ógnandi hegðun. Mörk geta verið dregin á margan hátt. Hér eru nokkur dæmi:

- „Ég læt ekki bjóða mér hvað sem er, ég vil ljúka þessu samtali.“
- „Á ég að senda þig á einhvern sem getur aðstoðað þig betur en ég?“
- „Viltu gefa mér upp nafn þitt svo að kvörtun þín komist til skila?“

Mikilvægt að nota nafn viðkomandi aftur og aftur. Skýrustu merkin sem við sendum eiga að vera: „Ég vil ekki að svona sé talað við mig, viltu vera svo væn/n að hætta því“.

### Hvernig bregst fólk við?

Fyrstu viðbrögð flestra eru að taka allt mjög persónulega. Mikilvægt er hinsvegar að taka slíkt ekki persónulega. En það er mjög erfitt að taka ekki hótanir og ógnanir inn á sig. Best er að nota vopn andstæðingsins, við ópersónugerum okkur og höfum það hugfast að ekki er verið á ráðast á okkur persónulega heldur það sem við stöndum fyrir. Við erum í ákveðnu hlutverki í vinnunni og þær ógnanir sem við verðum fyrir þar byggjast aldrei á því hver við erum í raun og veru.

### En eru til stöðluð viðbrögð við árás?

Viðbrögð við yfirvofandi ofbeldi eru mjög misjöfn og aldrei stöðluð. Hver bregst við á sinn hátt. Þó er hægt að undirbúa og þjálfa viðbrögð. Gott er til dæmis að reyna að átta sig á eigin viðbrögðum s.s. streitu og hræðslu. Munum við æsast upp með viðkomandi eða getum við haldið ró okkar? Við verðum einnig að vita hvaða skilaboð við sendum út til annarra s.s. með fasi, klæðnaði, hárgreiðslu o.s.frv. Einnig er mikilvægt að átta sig á styrk þess sem ógnar manni þ.e. þyngd, hæð, manngerðinni o.s.frv.

Ofbeldi og ógnandi hegðun er afar persónuleg og erfið reynsla og við erum misjafnlega á okkur komin andlega til að höndla slíkar uppkomur. Full ástæða er til að taka alvarlega á slíkum málum á vinnustöðum. Öryggismiðstöðin heldur reglulega námskeið um öryggismál fyrir fyrirtæki og stofnanir. Þá býður VR félagsmönnum sínum á hádegisfyrirlestur um þessi mál, fimmtudaginn 9. mars nk. **Sjá nánar á bls. 11.**





## Gunnur Vilborg

Starfsmaður hjá Máli og menningu á Laugavegi

**Hvað hefur þú starfað lengi?** Síðan 2004

**Stjörnumerki?** Sporðdreki

**Lífsmottó?** Lesa góðar bækur

**Uppáhalds bók?** Invisible Monsters

**Hvers getur þú ekki verið án?** Linsanna minna



## Elísabet Th. Stefánsdóttir

Kaffibarbjónn hjá Te og kaffi í Smáralind

**Hvað hefur þú starfað lengi?** Síðan 2000

**Stjörnumerki?** Hrótur

**Lífsmottó?** Að hafa það gott og gaman í lífinu

**Uppáhalds kaffi?** Cappucino

**Hvaða heimilistækis getur þú ekki verið án?** Hraðsuðuketils



## Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir

Starfsmaður hjá Steinari Waaga í Smáralind

**Hvað hefur þú starfað lengi?** Síðan júlí 2005

**Stjörnumerki?** Naut

**Lífsmottó?** Að vera maður sjálfur

**Uppáhalds kaffi?** Gott venjulegt kaffi er best

**Skó númer?** 40



## Nicki Pfan

Starfsmaður hjá Optical Studio RX í Smáralind

**Hvað hefur þú starfað lengi?** Síðan 2001

**Stjörnumerki?** Krabbi

**Lífsmottó?** Hika er sama og tapa

**Uppáhalds kaffi?** Makkiato

**Sjón?** Nærsýn

# Betra að fara í sóknina strax

## Samstarf VFV og VR



Guðrún Erlingsdóttir formaður VFV

**Í nóvember sl. skrifðu VR og Verslunarmannafélag Vestmannaeyja undir samning um viðtækt samstarf félaganna sem gerir ráð fyrir sameiningu þeirra eftir tvö ár. Guðrún Erlingsdóttir formaður VFV hefur verið í Reykjavík með annan fótinn síðan að kynna sér málin hjá VR. Blaðamaður greip hana glóðvolga nú í ársbyrjun og rakti úr henni garnirnar.**

Guðrún sem hefur verið formaður VFV frá 1993 er borinn og barnfæddur Vestmannaeyingur. Hún hefur búið þar síðan, ef frá er talið árið sem gosið hreldi landsmenn. Guðrún er hress og kát kjarnorkukona. Hún hefur komið víða við, vann áður í verslun, leikskóla, prentsmíðju og sinni m.a. um tíma hefðbundnum karlastörfum; plastbátasmíði og malbikun. Hún er gift Gylfa Sigurðssyni og eiga þau 3 börn á aldrinum 16 til 25 ára.

Ýmislegt breytist með tilkomu samstarfs félaganna. Svo á einnig við um starfssvið Guðrúnar, en auk þess vera formaður VFV næstu 2 árin, hefur hún tekið til starfa hjá VR sem starfsmaður á kjarasviði félagsins. Hún mun auk þess sjá um skrifstofuna í Eyjum. Ásta Sigrún Gunnarsdóttir starfsmaður VFV verður einnig

starfsmaður VR, sem þjónustufulltrúi, einnig með aðsetur í Vestmannaeyjum. Vinna þeirra fer mikið til fram í gegnum síma auk þess sem þær munu þjónusta félagsmenn í Eyjum.

### **Hvers vegna þetta samstarf og hvað hefur það í för með sér fyrir félagsmenn í VFV?**

„Það hefur lengi verið draumur minn að til verði eitt stéttarfélag verslunarmanna,“ segir Guðrún „því stærra því öflugra, með mörgum starfsstöðvum svo ólík sjónarmið fái að njóta sín. Allar ákvarðanatökur væru þá á sama borðinu. Það er einnig ljóst að litlu félögin geta ekki öllu lengur boðið upp á þá þjónustu sem gerð er krafa um. Þjónustan er þó persónulegri hjá litlu félögum. Það að fara inn í svona stóra einingu gerir það hins vegar að verkum að þjónustan er ekki eins mikið háð einstaklingunum sem eru að vinna í fámennu félögum. Þar byggist hún að verulegu leyti á áhuga starfsmannanna, vilja og getu.



Ásta Sigrún Gunnarsdóttir

### **Af af hverju VR?**

„VR er án efa öflugasta og framsæknasta félagið og hjá félagsmönnum VFV komu ekki aðrir kostir til greina. Ef við hefðum ákveðið að sameinast öðrum félögum í Vestmannaeyjum

hefði sú eining aldrei náð því að vera eins öflug og VR. Ekki hefði verið um að ræða möguleika á sérsviðum eins og hjá VR með sérfræðinga í hverjum málaflokki fyrir sig. Einnig höfðum við áhyggjur af félagsaðildinni. Það er jú betra að fara í sóknina strax svo við neyðumst ekki til að bakka í vörn.“

Guðrún segir almenna ánægju í Eyjum með samstarfið enn sem komið er og hún er ekki í nokkrum vafa um allt gangi vel. Vissulega kemur ýmislegt til með að breytast sem snýr að félagsmönnum VFV og eflaust eitthvað sem öllum líkar ekki við en annað til mikilla bóta. „Við göngum í samstarfið full af trausti til VR sem er gagnkvæmt og svona samstarf er ekki hægt að fara í nema fullt traust ríki á milli manna.“

Guðrún sagði að lokum að í hennar huga væri aðeins tilhlökkun að takast á við þetta verkefni. Áhersla væri lögð á að halda skrifstofunni í Eyjum og úthlutun íbúðar VFV, heimili eyjamanna í Reykjavík, verður áfram í höndum þeirra Guðrúnar og Ástu. Eyjamenn munu þar hafa forgang. Að öðru leyti verður félagsmaður VFV eins og almennur félagsmaður VR með öllum þeim réttindum sem því fylgja. Þjónustan verður aukin og betri og skrifstofan hefur nú þegar flutt í stærra húsnæði við Strandveg 51. Þjónustuver VR er opið frá 8:30 til 16:30 virka daga og síminn er 510 1700.

**„Það hefur lengi verið draumur minn að til verði eitt stéttarfélag verslunarmanna.“**

## FÉLAGSMÁL

# Mjög sátt við niðurstöðuna

## Samstarf VH og VR



Unnur Helgadóttir formaður VH

**Formlegt samstarf með sameingu að leiðarljósi er komið á milli Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar og VR efir áralangar þreifingar. VR fagnar þessum málalokum en félögin hafa átt gott samstarf um árabíl.**

Unnur Helgadóttir er formaður VH og hefur rekið félagið, ásamt manni sínum Gunnbirni Svanbergssyni, í tæp tuttugu ár. Fyrst sem starfsmaður og stjórnarmaður félagsins og sem formaður þess frá 1991. VR-blaðið tók hús á Unni á skrifstofunni í Hafnarfirði hlýjan rigningardag í febrúar.

„Já, ég er Hafnarfirðingur í húð og hár og við Gunnbjörn höfum búið í Hafnarfirði alla okkar ævi. Hér höfum við alið upp syni okkar og hér viljum við vera,“ segir Unnur brosandí og býður blaðamanni kaffisopa og hringferð um skrifstofuna. Þar er að finna marga skemmtilega gamla muni tengda verslun og skrifstofuvinnu, s.s. gamla búðarkassa, reiknivélur og þess háttar dót sem gefur skrifstofunni persónulegan blæ. „Félagið fékk þessa muni að gjöf“, sagði Unnur „og það er gaman að halda upp á þetta.“

Unnur hefur verið lengi á vinnumarkaði og oft unnið langan vinnudag. Hún byrjaði feril sinn í

verslun fór þaðan á skrifstofu, fyrst á Skipasmíðastöðinni Dröfn og síðar hjá Kaupfélagi Hafnarfirðinga. Þaðan réðist hún á skrifstofuna hjá VH. „Bókhald er mitt fag,“ segir hún kímín og lokar með skelli stórrí möppu en hún er einmitt að ganga frá bókhaldi félagsins fyrir síðasta ár. Aðspurð um hvernig henni lítist á að verða hluti af stórum vinnustað aftur, segir hún: „Það verður svolítið skritið fyrir okkur Gunnbjörn. Við erum gift, vinnum tvö saman og höfum gert lengi. Við förum að heiman saman og komum heim saman. Ég er mjög ánægð með það, það eru ekki allir sem geta þetta. Hann hefur hjálpað mér mikið í gegnum tíðina og oft hefur verið kvöld- og helgarvinna hjá okkur sérstaklega með umhírðu orlofshúsanna.

En VR hefur á að skipa góðu starfsfólki, sem tekur nú við störfunum með okkur og það sem af er samstarfinu hefur allt gengið vel. Ég hef engar áhyggjur af þessu.“



Gunnbjörn Svanbergsson

### Hvers vegna að sameinast VR?

„Við erum búin að sjá nokkuð lengi að þetta væri það besta sem hægt væri að gera í stöðunni. Samþjöppun fer vaxandi, sömu fyrirtækin starfa bæði hér og í Reykjavík. Við gerðum samning við VR fyrir nokkrum árum að þeir félagsmenn sem störfuðu í slíkum fyrirtækjum

og flyttu milli félagssvæða mættu velja um í hvoru félaginu þeir væru. Flestir völdu VR, enda réttindin meiri þar. Og við vorum auðvitað að hugsa um að félagsmenn hefðu mestu möguleg réttindi. Stærðarmunur félaganna gerir það verkum að VR félaginn er einfaldlega betur settur. Ekki höfðum við heldur bolmagn til að fara út í fyrirtækin og kynna félagið. Auðvitað þykir mér vænt um gamla félagið mitt en ég var orðin sátt við þessa niðurstöðu fyrir nokkuð löngu. Félagið var orðið þó nokkuð öflugt og við erum að skila af okkur góðu búi að okkar dómi. Reksturinn var orðinn nokkuð erfiður og þegar við vorum komin allt upp í það að borga hátt á þriðju milljón króna á mánuði í sjúkradagpeninga, var ljóst að hverju stefndi,“ segir Unnur.

„Ég vona að félagmennirnir meti það að við vorum að hugsa um þeirra hag fyrst og fremst og að félagið færi ekki að dragast saman smátt og smátt. Þó við hefðum getað haldið sjó eitt-hvað lengur myndi félagið sigla hægt og rólega niður á við á nokkrum árum. Sameiningar eru jú í farvatninu og stjórnin telur að nú sé rétti tíminn til sameiningar félaganna.

Samstarfið var samþykkt í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í desember og formleg sameining verður lögð fyrir félagsmenn um næstu áramót. Ég vil hvetja félagsmenn til að taka þátt í þeirri kosningu,“ segir Unnur að lokum og biður Gunnbjörn á sinn gestrisna hátt um að skutla blaðamanni heim til Reykjavíkur í rigningunni.

**„Hagur félagsmannanna er það sem máli skiptir.“**



## TRÚNAÐARMENN

# Námskeið fyrir trúnaðarmenn



Öflug fræðsla hefur verið fyrir trúnaðarmenn það sem af er vetri og góð aðsókn að námskeiðunum. Boðið hefur verið nokkrum sinnum upp á námskeiðið Verkefni og staða trúnaðarmanna sem er sniðið að nýjum trúnaðarmönnum. Þá hefur einnig verið farið yfir kjaramál með trúnaðarmönnum í tvígang, þ.e. helstu atriði kjarasamninga eins og launaútreikning, veikindarétt, uppsagnarfrest, orlof og fleira. Þá hafa sjóðir og þjónusta VR verið kynnt á tveimur námskeiðum. Starfsmenn VR hafa séð um ofangreind námskeið. Í janúar leiddi Stefán Þormar Úlfarsson frá ASÍ trúnaðarmenn um allan sannleika um hagfræði vinnumarkaðarins. Ingrid Kuhlmann frá Þekkingarmiðlun var með námskeiðin Að leysa ágreining og Að laða fram það besta í sjálfum sér. Þá fjölluðu Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir og Kolbrún Ragnarsdóttir fjölskylduráðgjafi hjá Forvörnum um streitu og streituvarnir og álag og aðstæður í mannlegum samskiptum sem trúnaðarmenn þurfa að glíma við í stafi sínu.

### Verkefni og staða trúnaðarmanna

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR

21. mars og 18. apríl, kl. 8:30-10:00.

Námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn. Farið er yfir það helsta sem skiptir máli í trúnaðarmannastarfinu.

### Efling trúnaðarmanna

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir og Kolbrún Ragnarsdóttir, fjölskylduráðgjafi

14. mars, kl 8:30-12:00

Fræðsla um almennt um streitu, streituvarnir og bætt samskipti. Einnig er fjallað um álag og aðstæður í mannlegum samskiptum sem trúnaðarmenn þurfa að glíma við í stafi sínu.

### Rekstrarhagfræði

4. apríl, kl. 8:30-12:30

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur

Gerð verður grein fyrir hvernig nota má upplýsingar um rekstur fyrirtækis til að hafa áhrif á kjör starfsmanna. Kynnt verða hugtök úr rekstri s.s. hagnaður, framlegð, arður ofl.

### Samtalstækni

Ingrid Kuhlman ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun

11. apríl, 8:30-12:30

Á námskeiðinu er farið í helstu atriði samtalstækni eins og að beita virkri hlustun, spurningatækni og sýna hluttekningu. Þátttakendur taka þátt í hagnýtum æfingum þar sem þeir tileinka sér aukna samtalsfærni.



Björk Felixdóttir  
KB banki

## KYNNING

# Trúnaðarmenn í fjármála-fyrirtækjum

Við kynnum hér með til sögunnar sex trúnaðarmenn VR í fyrirtækjum sem snúa að fjármálaumsýslu.



Guðmundur J. Jónsson  
Kreditkort

Þá minnum við á námskeiðin sem kynnt eru hér til hliðar. Það styrkir trúnaðarmanninn í starfi að vera öllum hnútum kunnugur. Bæði er um að ræða námskeið um starfsemi VR, réttindi og skyldur en auk þess sjálfsstyrkingarnámskeið s.s. um streitu og samskipti.



Halla Jónsdóttir  
Kreditkort



Asa Hildur Kristinsdóttir  
Fjárvakur-fjármálaþjónusta



Helga Kristín Hillers  
Fjárvakur-fjármálaþjónusta



Sigurbjörn G. Eggertsson  
Intrum á Íslandi

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

## Tengiliðir trúnaðarmanna



Grétar Hannesson, sem starfað hefur í hjá VR í nærfellt tuttugu ár og meðal annars mikið í þágu trúnaðarmanna félagsins, lét af störfum um sl. áramót sökum aldurs. Hann er flestum að góðu kunnur fyrir hlýtt viðmót og einstaka kímniáfu og verður hans sárt saknað á þessum vettvangi. Grétar var áður fyrr í stjórn félagsins og situr nú áfram í trúnaðarráði þess. Við munum því án efa hitta Grétar á fundum félagsins í framtíðinni.



Við starfi Grétars tekur Laufey Eydal en hún hefur starfað hjá þjónustuveri VR í nokkur ár og mun hún verða Elísabetu Magnúsdóttur til aðstoðar við trúnaðarmannastörfin. Við viljum hvetja ykkur til að hafa samband við þær stöllur um hvaðeina sem ykkur vantar upplýsingar um. Þær hafa netföngin: elisabet@vr.is og laufey@vr.is

## UTAN ÚR HEIMI

# Af Evrópuvettvangi

### Austurríki

Kjarasamningar verslunarmanna ganga illa

Kjaraviðræður verslunarmanna og vinnuveitenda í Austurríki hafa gengið illa að undanfögnu vegna þess hve mikið ber á milli. Verslunarmenn hafa krafist launahækkana sem komi sem næst þeim launahækkunum sem nýlega var samið um við járníðnaðarmenn, þ.e. 3.1%, og auk þess styttingu vinnutíma.

### Belgía

Póstburðarfolk semur um kjör

Nýlega tókst í Belgíu allsherjarkjarasamningur fyrir póstburðarfolk í landinu eftir margra mánaða kjaraviðræður. Kjarni samningsins snýst um aðgerðir sem póstfyrirtæki vildu koma af stað í því markmiði að draga úr mikilli fjarveru starfsmanna vegna veikinda. Meðal fjarvistir vegna veikinda höfðu verið um 8.83% árið 2004. Einnig var samið um framleiðibónus.

### Bretland

Fjölskylduvæn atvinnustefna

Breska ríkisstjórnin er að móta lagafrumvarp þar sem tekið er á þáttum eins og fæðingarorlofi mæðra og fedra og sveigjanlegum vinnutíma. Er þetta liður í áætlun stjórnvalda að auðvelda stöðu foreldra ungra barna á vinnumarkaði.

### Danmörk

Unnið að breytingu á framkvæmd í atvinnuleysisbótakerfi

Ríkisstjórn Danmerkur hefur í hyggju að auka mjög eftirlit og stýringu atvinnuleysisbótakerfisins í landinu. Í því er m.a. fólgið að gera refsingar harðari við því þegar fólk hafnar starfstilboðum. Einnig verður beitt harðari viðbrögðum við því þegar atvinnulausir sinna ekki öðrum úrræðum eða uppfæra ekki reglulega persónuupplýsingar sínar í gagnakerfum vinnumiðlana.

Launamunur

Samkvæmt frétt á heimasíðu HK, landssambani verslunarmanna, í

Danmörku hafa karlmenn innan HK 13.6% hærri laun en konurnar. Starf, menntun o.fl. útskýrir tæplega helminginn af þessum mun. Eftir stendur óútskýrður launamunur upp á 7.9%.

### Eistland

Viðræður um lágmarkslaun að hefjast

Viðræður stéttarféлага í Eistlandi við samtök vinnuveitenda um lágmarkslaun í landinu hófust fyrir skömmu. Samkvæmt hefð í Eistlandi eru lágmarkslaun í landinu fastsett í lögum, ár hvert, eftir samingaviðræður stéttarféлага og vinnuveitenda. Í þetta sinn krefjast stéttarfélag 23% hækkunar lágmarkslauna sem okkur kann að þykja nokkuð mikið en kannski ekki í ljósi þess að þá væru lágmarksmanaðarlaun aðeins ÍSK 14.500!

### Frakkland

Ríkisstjórnin býður til sáttaviðræðna eftir verkfallsaðgerðir

Franska ríkisstjórnin bauð nýlega aðilum vinnumarkaðar í landinu til viðræðna eftir að stéttarfélag stóðu fyrir verkfallsaðgerðum. Krafist er aukins kaupmáttar launa, meira starfsöryggis, meiri starfsþjálfunar, minni mismununar og einhvers konar framleiðni bónusa.

Forsetinn kallar á viðræður um jöfnuð vegna ólíkra hópa á vinnumarkaði

Forseti Frakklands, Jacques Chirac, hefur átt fundi með fulltrúum stéttarféлага og vinnuveitenda í Frakklandi og bedið þá um að semja um jafna stöðu ólíkra hópa á vinnumarkaði í kjölfar óeirða í landinu. Óeirðirnar stóðu að mestu í þrjár vikur og að undirlagi óánægðra ungmenna af erlendum uppruna sem ekki telja sig standa til jafns við aðra á vinnumarkaði. Forsetinn vonast til þess að finna megi leiðir til að koma á meiri jöfnuði og auka möguleika þessa fólks á að fá vinnu.

### Grikkland

Allsherjarkjaraviðræður hafnar

Hinar árlegu allsherjarkjaraviðræður aðila vinnumarkaðarins í Grikklandi eru nú hafnar. Alþýðusamband Grikkja (GSEE) krefst nú 8% launahækkunar fyrir árið 2006. Einnig er krafist fækkunar vinnustunda úr 40 í 39 á viku og endurútreiknings á yfirvinnutaxta.



## Írland

Hætt við viðræður um allsherjarkjarasamninga

Á Írlandi var nýlega hætt við að fara í allsherjarkjarasamningaviðræður milli sambanda stéttarféлага og vinnuveitenda. Félög verslunarmanna og starfsfólks veitingahúsa hafa þegar hafnað þessari leið og ætla frekar að leggja áherslu á beina samninga fyrir starfsgreinarnar og fyrirtækjasamninga.

## Lettland

Stéttarfélag mótæla fátækt

Nýlega stóð alþýðusamband stéttarféлага í Lettlandi fyrir fjöldamótælum í höfuðborginni Riga, gegn fátækt í landinu. Mótælafundurinn í höfuðborginni var endapunktur á mótælum sem náð höfðu um allt landið þar sem áhersla var lögð á að sýna sérstaka stöðu Lettlands meðal þjóða Evrópusambandsins. Lettland hefur hröðustu efnahagsaukningu allra Evrópulanda en um leið mestu fátæktina og er það álit stéttarféлага að sú mikla fátækt sé í engu samræmi við mikla uppsveiflu efnahagslífs og að gæðum sé því misskipt.

## Noregur

Fjarvistum vegna veikinda fækkar

Nýjustu tölur frá Noregi sýna að fækkun hefur orðið á fjarvistum launamanna vegna veikinda á undanförunum misserum. Hefur fækkunin orðið frá 7.2% árið 2004 í 6.3% á öðrum ársfjórðungi 2005.

## Spánn

Flugfélagið Iberia hefur viðræður um niðurskurð

Spænska flugfélagið Iberia, sem lengi hefur átt í rekstrarvandræðum, hefur nú hafið viðræður við stéttarfélag um nýja niðurskurðaráætlun. Mun væntanlega vera fækkað mjög flugmönnum, flugliðum og starfsmönnum á jörðu (ground staff). Einnig er ætlunin að félagið auki við eigið fé með aðgerðum til framleiðniaukningar.

## Svíþjóð

Mögulegar breytingar á atvinnuleysisbótakerfi

Vegna mjög mikils og viðvarandi atvinnuleysis hefur sænska ríkisstjórnin hafið umræðu um umfangsmiklar breytingar á atvinnuleysisbótakerfi landsins. Á fjárlögum ársins 2006 er gert ráð fyrir strangari reglum um atvinnuleysisbótarétt og starfsemi vinnumiðlana er endurskoðuð. Einnig hafa stjórnarandstöðuflokkarnir krafist strangari viðurlaga við bótasvindli og að meiri kröfur verði gerðar um virka atvinnuleit.

Upplýsingar er fengnar úr tímaritinu *European Industrial Relations*



## LITID YFIR FARINN VEG

# Annáll ársins 2005



### Janúar

Á árlegum nýjárfsundi þann 13. janúar var fjallað um innri mál félagsins og reifaðar hugmyndir um varasjóð VR. Þá var einnig samþykkt sérkjarasamningur VR og Flugfélags Íslands. Í janúar mótmælti VR frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á opnunartíma verslana. Þá samþykkti stjórn VR að jafnrétti skyldi vera í brennidepli á árinu. Send var út orlofsávísun til félagsmanna í síðasta sinn.



### Febrúar

Í fyrsta sinn var hægt að bóka og greiða orlofshús á netinu. Samningur milli starfsmanna Sementsverksmiðjunnar á Akranesi og

fyrirtækisins var samþykktur í febrúar. Einnig var kjarasamningur við 365 ljósvakamiðla samþykktur af starfsmönnum fyrirtækisins.

### Mars

Aðalfundur var haldinn 14. mars þar sem samþykkt var tillaga félagsins um að stefnt skuli að stofnun persónubundins varasjóðs fyrir félagsmenn VR, jafnframt skyldi þess gætt að samtrygging félagsmanna breyttist ekki og Starfsmenntasjóðir yrðu óbreyttir. Góð afkoma var hjá félaginu á starfsárinu, enda hafa laun hækkað og félagsmönnum fjölgað milli ára 2003 og 2004.

## Helstu viðburðir á síðasta ári í máli og myndum

### Mái

VR lagði áherslu á launajafnrétti kynjanna í 1. maí göngunni að þessu sinni. Yfirskrift göngunnar var Einn réttur – ekkert svindl og vísaði það til átaks verkalýðshreyfingarinnar gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfs-emi með erlendu verkafólki. Niðurstöður úr könnuninni um Fyrirtæki ársins voru birtar þann 19. maí. Rúmlega 10 þúsund manns tóku þátt í könnuninni. Fyrirtæki ársins 2005 voru Hönnun hf. í flokki stærri fyrirtækja og Tandur hf. í flokki minni fyrirtækja. Auk þess voru heiðruð sérstaklega nú í fyrsta sinn Fyrirmyndarfyrirtæki 2005, 20 fyrirtæki í hvorum flokki, sem þóttu

hafa staðið sig afburða vel. Þátttaka í könnuninni hefur nær tvöfaldast frá árinu 2003. Eldri félagsmönnum var að venju boðið til kaffisamsætis á uppstigningardag. Þar brá Brynhildar Guðjónsdóttur sér í gervi Edith Piaf og söng fyrir gesti. Um 600 manns sóttu samkomuna.



### Júní

Höfuðborgaráðstefna verslunarmannafélaga á Norðurlöndum var haldin í Danmörku að þessu sinni. Þar var fjallað m.a. um hvernig bregðast skyldi við fækkun í félögunum. VR eitt félagastátaði af fjölgun félagsmanna. Lokaverkefnisstyrkur ársins var veittur Bryndísi Ernstsóttur fyrir rannsóknarverkefni á meistarastigi við félagsvísindadeild HÍ.





## Júlí

VR fær styrk frá Leonardo starfsmennntaáætlun Evrópusambandsins að upphæð 27 milljónir króna til verkefnis sem miðar að því að efla tölvulæsi félagsmanna. Í júní, júlí og ágúst spókuðu fjölmargir VR félagar sig á Spáni og á Krít en í boði voru hálfsmánaðar hagstæðar ferðir til þessarra staða yfir sumartímann. Auk þess voru enn fleiri í orlofshúsum félagsins vítt og breytt um landið og undu glaðir við sitt þrátt fyrir rigningasamt sumar. Mikil þátttaka var í Golfmóti VR sem haldið var 30. júlí, en alls mættu 184 kylfingar til leiks.



## Ágúst

Haldin var að venju hátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á frídegi verslunarmanna þar sem á áttunda þúsund manns skemmtu sér hið besta.

## September

Niðurstöður í launakönnun ársins voru kynntar. Heildarlaun félagsmanna hækkuðu um 10% á milli árunna 2004 og 2005. Kynbundinn launamunur var óbreyttur eða 14%. Í kjölfarið fór á fullt skrið auglýsingaherferð undir yfirskriftinni „Ekki láta útlíð blekkja þig“ sem vakti mikla athygli í fjölmiðlum. Þá staðfesti Hæstiréttur rétt til launa starfsmanns í uppsagnarfresti eftir að fyrirtækið skipti um eigendur. Seld voru orlofshús félagsins í Skyggnesskógi og parhús að Kirkjubæjarklaustri auk þess sem jörð og hús að Stóra-Kambi voru seld. Í staðinn tók félagið á leigu tvær íbúðir í Stykkishólmi.



## Október

VR hvatti fyrirtæki til að draga ekki af launum starfsmanna vegna kvennafrís 24. október og gaf öllum starfsmönnum sínum leyfi til að taka þátt í hátíðahöldum dagsins. Kröfuspjöld VR-inga voru áberandi í göngunni. Ársfundur ASÍ var haldinn dagana 20. og 21. október og sóttu hann 74 fulltrúar VR.

## Nóvember

Á þingi LÍV var samþykkt að kanna vilja aðildarfélaganna til nánara samstarfs. Samkomulag náðist í lok nóvember milli VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja sem gerir ráð fyrir miklu samstarfi félaganna og sameiningu að

tveimur árum liðnum, félagsmenn í Vestmannaeyjum samþykktu samkomulagið í desember. Samningar náðust á vinnumarkaði og kom því ekki til uppsagnar kjarasamninga. Meðal þess sem fólst í samkomulaginu var 26.000 krónu eingreiðsla. VR tók í nóvember á leigu orlofsíbúðir á Laugarvatni fyrir félagsmenn og glæsilegt orlofshús að Minni-Borg í Grímsnesi í lok árs.



## Desember

Í jólamánuðinum fór starfsfólk VR að venju á stúfana og dreifði póstkortum með áminningum um réttindi þeirra er vinna við verslun í annríkinu fyrir jólin. Samkomulag náðist um samstarf milli VR og Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar sem gerir ráð fyrir nánú samstarfi og sameiningu innan eins árs. Efnt var til hugmyndasamkeppni meðal almennings um nýtt nafn á félagið í ljósi breyttra tíma.



# Krossgátan

	SKOGR- ADI	VEGLAR	Á BOD- STÖLUM	RÖÐ	YMUR	FRUM- EFNI	EFLA FEITI	FLERA LAND- RAN- ANNA	TÖSK- ID
	TVI- RÁD- UR					1			
	SKELFI- LEGAR	21							
	HEY- SÆTI					23	TÍMÖN- ARFAUM- ARÉTT- AR		
	MANNS- NAFNS			TUNGLA BEITA			9		
	DUGH- RÞUR- INN	NISKARI DEYKIS- RÁTUR						✓	3
	MÁL- UR HÍLST		TAR- FELT RANG- ALANN	5			✓		
FASO- RANGI		KYNST- UR FÆR			FUGL			28	FÍFL V NYTTA- LAND
STARF- ID	11			INAGINN ENDIST TIL					
	ELD- ITKÖPI Á NÆSTU LÖGNUM		13		MOLU GRÆN- IR				
MÖGU- LEGT		18	SPJÓT ÖBETT- UR		20		SK. ST. VIT- LÉYSU		
DVER- SLA		VETAN GEYS- AST				19	VEINAR KVEN- NAFN		
YFIR- BRAGD- ID	25				GERIST VIT- ASTA	8		MADUR	
LEYSI ÚR		DRAG- AFT BYKKA JALLDIN							16
EINNI + GÓTI			14	HLAUP SKYLDI			HÚSDYR LANDIÐ		
HLIT- INN	6				FIL SOLU HLEPPA				
ENDING		SWAFTA ÁLLTAF	24			VEISLA ÞOLIFF ÞÓTA			SWAFT STARN AR
	SORO- ANDI MYNNI		GRIFT UPP JANNA TÖRFUM						21
VEID- AR- FÆRIÐ					SKIT- VERNI			13	ÉLLA
GÆLU- NAFN	→ ↓	15		FRUM- STÆTT BLÖM					
ÖRMUR		24			SAM- HITÓÐAR SLOG	2	ÓÞEKKT UR FORFÖD- U		
ENDING		LEST- ADI	ÁVEXT- INA KÉANA						12
	LÍKAM- HELUTA SPRUKA	7							
RAN- FUGL- UM				DDR- UKKAR HVAÐ					27
ÓHÖR- ID NEF- TÖSK				ULL + SVARA				4	
VEL LATHAR + FÆRI	10								
									VIÐ- KVEM- UR



## Verðlauna- krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í desemberblaðinu var málshátturinn: „Enginn gefur sér gæfuna sjálfur.“ Fjöldmargar lausnir bárust og flestar réttar. Vinningshafinn var að þessu sinni staddur í góðu yfirlæti á Kanaríeyjum þegar VR-blaðið sló á þráðinn til hans. Hann heitir **Þórhallur Ásgeirsson** og starfar hjá Osta- og smjörsoleunni sf. við vörumóttöku. Hann tekur á móti ostum og öðrum mjólkurvörum frá mjólkurbúunum á landsbyggðinni. Hann hefur fengið verðlaunin sem eru áttaþúsund krónur.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er einnig málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er 20. mars 2006. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifíð „krossgáta“ utan á umslagíð.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is



## Í BRENNIDEPLI

# VR

## Virðing, réttlæti

Eins og mönnum er kunnugt var auglýst eftir tillögum að nýju nafni á Verzlunarmannafélag Reykjavíkur eða nýrri útfærslu á skammstöfuninni VR. Frestur til að skila inn tillögum rann út þann 15. janúar sl. Þátttaka var framar öllum vonum en tæplega eittþúsund innsendar tillögur bárust. Þar af vildi þriðjungur halda skammstöfuninni VR í nýrri útfærslu. Dómnefnd var skipuð Gunnari Páli Pálssyni formanni VR, Kristínu Sigurðardóttur forstöðumanni samskipta- og þróunarviðs VR og rithöfundunum Gerði Kristnýju og Andra Snæ. Margar hugmyndanna voru mjög áhugaverðar og var ljóst að fjöldi manns hafði lagt mikla vinnu í að útfæra tillögur sínar.

Niðurstaða dómnefndar var samhljóða á þá leið að halda í skammstöfun VR. V stæði fyrir virðingu og R fyrir réttlæti. Rökstuðningur nefndarinn-

ar var m.a. sá að nýtt nafn endurspeglar þær áherslur sem við höfum að leiðarljósi, að efla virðingu fyrir störfum fólks og auka réttlæti á vinnumarkaði. Nokkrir sendu inn þessa tillögu eða sambærilega og var sigurvegarinn dreginn úr þeirra hópi. Nafn hans verður tilkynnt fljótlega. Verðlaunaféð er ekki af verri endanum, kr. 300.000.

Stjórn VR hefur ákveðið að leggja þessa tillögu fyrir aðalfund sem haldinn verður síðari hluta marsmánaðar nk. Verði hún samþykkt tekur hún samstundis gildi.

## GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN

*Býður upp á 14 vikna nám í :*

### HAGNÝTRI GÆÐASTJÓRNUN

**FOCAL**  
SOFTWARE &  
CONSULTING

hefst 1. mars

MARKMÍÐ námsins er að veita nemendum heildaryfirsýn yfir aðferðafræði gæðastjórnunar

#### EFNISÞÆTTIR:

- Skilgreining gæðastjórnunar
- Gæðakostnaður
- Stefnumótun og stjórnun gæðamála
- Uppbygging gæðakerfis
- ISO-staðlar
- Ferlastjórnun og mælingar á ferlum
- Meðhöndlun kvartana og frávik
- Innri úttektir
- Verkefnastjórnun og umbótaverkefni
- Rafræn gæðastjórnun



Svala Rún

Hanna Þóra

KENNT verður á miðvikudögum frá kl. 13:00-16:00

SKRÁNING og nánari upplýsingar eru í síma 540-0900 og á [www.focal.is](http://www.focal.is).

KENNARAR SKÓLANS hafa mikla reynslu af gæðastjórnun sem stjórnendur, ráðgjafar og kennarar á háskólastigi

GÆÐA-STJÓRNUNARSKÓLINN er hluti af FOCAL Skólanum

Hjá FOCAL Skólanum eru í boði stutt og hnitmiðuð hugbúnaðar-námskeið, ásamt námskeiðum í gæða- skjala- og verkefna- stjórnun

Bendum áhugasömum á að athuga með styrki frá stéttarfélagum

[www.focal.is](http://www.focal.is)





Allir geta átt sína slæmu daga en það er engin ástæða til að láta það bitna á öðrum.

**Virðum störf afgreiðslufólks**

Starf okkar  
eflir  
þitt starf

**VR**